



FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BETRI BAKKAFJARÐAR 2023



BYGGÐASTOFNUN



UM BETRI BAKKAFJÖRÐ OG FRUMKVÆÐISSJÓÐ

Betri Bakkafjörður er eitt af verkefnum sem heyra undir Byggðastofnun með vinnuheitinu Brothættar byggðir. Í nóvember 2019 var samþykkt verkefnisáætlun sem verkefnisstjórn og verkefnisstjóri höfðu unnið upp úr umræðum og áherslumálum frá íbúapingi og tillögum ráðherraskipaðrar nefndar um málefni Bakkafjarðar sem samþykktar voru á fundi ríkisstjórnar 23. nóvember 2018.

Meginmarkmið verkefnisins eru fjögur:

- Sterkir samfélagsinnviðir
- Öflugt atvinnulíf
- Aðlaðandi ímynd Bakkafjarðar
- Skapandi mannlíf

Hvert þátttökubýggðarlag fær tiltekna upphæð árlega til að styðja frumkvæðisverkefni íbúa. Verkefnisstjórn úthlutar fjármununum. Fjármagni er einungis úthlutað til verkefna er styðja framtíðarsýn og meginmarkmið verkefnisins í viðkomandi byggðarlagi.

Í ár bárust alls 24 umsóknir að heildarupphæð 49 m.kr. en sjóðurinn hafði til ráðstöfunar 8 m.kr. sem úthlutað var til 13 verkefna.

VERKEFNISSTJÓRN BETRI BAKKAFJARÐAR

- Björn S. Lárusson - sveitarstjóri Langanesbyggðar
- Sigurður Guðmundsson - oddviti Langanesbyggðar
- Hildur Halldórsdóttir - SSNE
- Mariusz Mozejko - fulltrúi íbúa
- Gunnlaugur Steinarsson - fulltrúi íbúa
- Helga Harðardóttir - Byggðastofnun
- Kristján Þ. Halldórsson - Byggðastofnun

- Gunnar Már Gunnarsson - verkefnisstjóri Betri Bakkafjarðar

STYRKHAFAR FRUMKVÆÐISSJÓÐS BETRI BAKKAFJARÐAR 2023



VERKEFNI - UMHVERFIS- OG ÖRYGGISMÁL, BJARG

UMSÆKJANDI: BJARGVÆTTIR EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 950.000 KR

Markmið verkefnisins er að ganga frá umhverfis- og öryggismálum að Bjargi, svo hægt sé að reka þar menningartengda ferðapjónustu. Jóhanna Magnúsdóttir og Einar Úlfsson sem reka fyrirtækið Bjargvættir ehf. standa að verkefninu sem skapa á tækifæri fyrir ferðamenn til að gista á svæðinu og njóta þeirrar afþreyingar sem verið er að koma upp á svæðinu eða hefur nú þegar verið komið upp. Þau hafa staðið fyrir metnaðarfullum endurbótum að Bjargi og vakið um leið athygli á Bakkafirði.

VERKEFNI - SJÓSUNDSKÝLI Í FINNAFIRÐI

UMSÆKJANDI: REIMAR SIGURJÓNSSON
UPPHÆÐ STYRKS 950.000 KR

Verkefnið gengur út á að gera aðstöðu fyrir sjósundsfólk til að geta skipt um föt í skjóli fyrir og eftir góðan sundsprett í Finnafirði. Einnig er hugmyndin að skýlið verði smíðað úr rekavið til að endurvinnna og til að sýna fram á að hægt sé að framleiða ýmislegt úr rekavið. Náttúruleg aðstaða fyrir sjósund er óvíða betri á norðausturhorni landsins en við bæinn Fell í Finnafirði, sunnan undir Langanesi. Sandfjara, rekaviður, smáöldur og tignarlegt Gunnólfsvíkurfjallið ramma inn náttúru svæðisins og draga til sín þá ferðamenn sem hafa snúið baki við troðnar slóðir.

VERKEFNI - HANDVERK Í HEIMAHÚSI

UMSÆKJANDI: MARÍA GUÐMUNDSDÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 1.100.000 KR

Verkefnið snýr að því að koma upp handverksskúr á Bakkafirði þar sem hægt verður að hanna og búa til litla minjagripa sem ferðamenn geta keypt. Handverksskúrin verður jafnframt verslun þar sem ferðamenn geta bankað upp á og fengið að skoða það sem til er. Handverk og minjagripagerð er löngu orðin mikilvæg atvinnugrein hér á landi þótt hún sé kannski ekki í stórum stíl enn. Með sköpunarkraft og þor mun þessi grein dafna.

VERKEFNI - ENDURNÝJUN Á ARNARBÚÐ

UMSÆKJANDI: BJÖRGUNARSVEITIN HAFLIÐI
UPPHÆÐ STYRKS 700.000 KR

Stjórn Björgunarsveitarinnar Hafliða tók þá ákvörðun sumarið 2021 að hefja vinnu við viðhald og endurnýjun á Arnarbúð á Bakkafirði. Húsnæðið hefur verið í eigu sveitarinnar í mörg ár og er hugsað sem aðstaða fyrir starf og tækjabúnað sveitarinnar á Bakkafirði. Aðalmarkmið stjórnar sveitarinnar er að halda úti þjónustu, efla öryggi og félagslegan ávinning. Verkefnið að þessu sinni gengur út á að klára endurbætur að innan til að hægt sé að reka þar öflugt félagsstarf.

VERKEFNI - BAKKAFEST 2023

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF
UPPHÆÐ STYRKS 750.000 KR

Bakkafest er menningarhátíð sem var haldin í fyrsta skipti árið 2021, og aftur árið 2022 við góðar undirtektir íbúa og gesta. Umsækjendur vinna nú að því að skipuleggja enn stærri hátíð þar sem verður boðið upp á líflega og fjölbreytta dagskrá. Bakkafest er vonandi komin til að vera, enda er hún afbrigðsgóð kynning fyrir svæðið og dregur til sín fjölda gesta. Þannig eflir hátíðin ferðapjónustu á svæðinu og opnar möguleika á aukinni starfsemi hjá ungri atvinnugrein.

VERKEFNI - SKILTI VIÐ STAPANN

UMSÆKJANDI: FUGLASTÍGUR Á NORÐAUSTURLANDI
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Fuglastígur á Norðausturlandi hefur hug á að hanna og setja upp fræðsluskilti við Stapann í landi Skeggjastaða, en það er í senn falleg náttúrusmíð og viðkomustaður ýmissa fuglategunda, t.d. skarfa. Nú þegar hefur verið gert útskot fyrir bíla við Stapann og stikuð leið niður á tangann að Stapanum. Stikuverkefnið var styrkt af Frumkvæðissjóði Betri Bakkafjarðar.

VERKEFNI - HAFNARTANGINN MEÐ AUGUM ÍBÚA

UMSÆKJANDI: ÁBN F.H. ÁHUGAHÓPS ÍBÚA
UPPHÆÐ STYRKS 400.000 KR

„Hafnartanginn með augum íbúa“ er verkefni sem miðar að áframhaldandi fegrun Hafnartangans, með því að virkja frumkvæði íbúa og koma formi á hugmyndir þeirra um þennan hjartfóligna miðpunkt staðarins. Áhugahópur íbúa um Hafnartangann og gömlu höfnina hefur hug á að skipuleggja vinnufund þar sem íbúar koma fram með hugmyndir sínar, og þróa áfram í samvinnu við landslagsarkitekt.

VERKEFNI - SAMSPIL II

UMSÆKJANDI: VILHJÁL MUR BERGMANN BRAGASON
UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR

Verkefnið gengur út á að skapa menningar- og skemmtidagskrá og tengja við skáldin frá Langanesströnd/Bakkafirði og annað andans fólk og lista. SAMSPIL var haldið í fyrsta sinn árið 2022, og var afar vel sótt. Hátíðin mæltist vel fyrir meðal Bakkfirðinga og góður rómur gerður að dagskránni.

VERKEFNI - FRISBÍGOLF Á BAKKAFIRÐI

UMSÆKJANDI: VÍÐIR MÁR HERMANSSON
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Frisbígolfvöllurinn á Bakkafirði hefur verið góð viðbót við afþreyingu á staðnum, er fjölskylduvænn og samræmist markmiðum Langanesbyggðar um að vera heilsueflandi samfélag. Nú stendur til að bæta aðstöðuna og steypa eða byggja undirstöður fyrir spilara. Markmið verkefnins er að byggja upp betri aðstæður til þess að stunda íþróttina af meiri gæðum og nákvæmni og minnka slyshættu.

VERKEFNI - VETRARMARKAÐSÁTAK

UMSÆKJANDI: NORTH EAST TRAVEL EHF
UPPHÆÐ STYRKS 500.000 KR

Verkefnið gengur út á að markaðssetja Bakkafjörð og Langanesbyggð sem fyrirmyndaráfangastað að vetri til. Markmið verkefnisins er að lengja ferðamannatímann og styðja þannig við ferðaþjónustu með það fyrir augum að gera atvinnustarfsemina sjálfbæra. Ferðaþjónustuaðilinn hefur áður staðið að vel heppnuðu markaðsátaki, sjá t.a.m. hér í þessu [myndbandi](#).

VERKEFNI - GRÁSLEPPAN

UMSÆKJANDI: BAKKASYSTUR EHF.
UPPHÆÐ STYRKS 850.000 KR

Verkefnið gengur út á að skipuleggja uppskeruhátíð grásleppuvertíðar árið 2023. Markmið viðburðar er að vekja athygli á fisktegund sem hefur verið mikilvæg í sögu Bakkafjarðar, fagna vertíðarlokum og blása lífi í hátíðarhöld í kringum sjómannadag. Hér skapast mikilvægt tækifæri til samverustundar íbúa og velunnara Bakkafjarðar, þar sem sérstök áhersla verður lögð á að kynna afurðina sem hefur verið staðnum svo mikilvæg. Framtíðarmarkmið er að Grásleppan verði árlegur viðburður á Bakkafirði, tengdur við hátíðarhöld í kringum sjómannadag, sem ávallt var í hávegum hafður á Bakkafirði.

VERKEFNI - STOFUTÓNLEIKAR Á BJARMALANDI

UMSÆKJANDI: HILMA STEINARSDÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 300.000 KR

Um er að ræða þrenna stofutónleika á eyðibýlinu Bjarmalandi á Langanesströnd. Þar verða flutt frumsamin lög við valin ljóð Kristjáns frá Djúpalæk. Bjarmaland stendur við sama afleggjara og á sama túni og Djúpilækur en þar var ljóðskáldið Kristján frá Djúpalæk fæddur og uppalinn.

VERKEFNI - Á SLÓÐUM SKÁLDANNA

UMSÆKJANDI: HILMA STEINARSDÓTTIR
UPPHÆÐ STYRKS 200.000 KR

Verkefnið snýst um að setja upp upplýsingaskilti um skáldið Kristján frá Djúpalæk við bæinn Djúpalæk á Langanesströndinni. Markmiðið er að koma á framfæri sögu staðarins og auka á upplifun fólks sem fer um svæðið. Staðurinn einkennist af fallegri náttúru og frá útskotinu við veginn er stutt gönguleið niður að ós, og einnig er stutt að eyðibýlinu Djúpalæk.

FRUMKVÆÐISSJÓÐUR BETRI BAKKAFJARÐAR 2023